

Efni: Erindi til atvinnuveganefndar Alþingis.

Athugasemd við frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 74/2012

Umrætt frumvarp er á villigötum. Í stað þess að lækka veiðigjöld til útvalinna handhafa veiðiheimilda ætti nefndin að leggja til að veiðigjöld og rétturinn til aðgangs að sameiginlegri fiskveiðiauðlind landsmanna yrði í samræmi við frumvarp að nýrri stjórnarskrá sem kjósendur lýstu yfirgnæfandi stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012. Þar með yrði bundinn endi á áratuga óréttlæti og mannréttindabrot, auk þess sem þetta gæti orðið fyrsta skrefið í átt að hinu óhjákvæmilega, að Alþingi virði stjórnarskrárferlið sem hófst í kjölfar Hrunsins og niðurstöðu þess, sem fengin var í áður nefndri þjóðaratkvæðagreiðslu með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Til nánari skýringar fylgir hér auðlindagreinin í „nýju stjórnarskránni“, sem svo er réttilega nefnd:

Náttúruauðlindir

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almannagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Virðingarfyllt,

Hjörtur Hjartarson (kt. 2307603309)